

## Aukið félagsstarf fullorðinna árið 2022 vegna COVID-19

**Til** : frn@frn.is  
**Frá** : Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið <frn@frn.is>  
**CC** : birna.sigurdardottir@frn.is  
**Heiti** : Aukið félagsstarf fullorðinna árið 2022 vegna COVID-19  
**Málsnúmer** : 2205081  
**Málsaðili** : Félagsmálaráðuneyti  
**Skráð dags** : 02.05.2022 14:35:44  
**Höfundur** : Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið <frn@frn.is>

Félags- og vinnumarkaðsráðherra hvetur sveitarfélög til að efla félagsstarf fullorðinna á árinu 2022, með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun sem orðið hefur vegna COVID-19. Eldri borgarar hafa víða þurft að þola skerta samveru og félagslega einangrun vegna samkomutakmarkana og sjálfsskipaðrar sóttkvíar. Af þeim sökum er sérstaklega mikilvægt að leggja aukna áherslu á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu, tæknilæsi og forvarnir með það að markmiðið að auka lífsgæði og heilbrigði fólks, fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun.

Samþykkt hefur verið að styðja við þau sveitarfélög sem, vegna COVID-19, hyggjast auka við starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna árið 2022 umfram hefðbundið starf.

Á þessum grundvelli gefst sveitarfélögum kostur á að sækja um fjárframlag vegna viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna árið 2022. [Alls hefur verið samþykkt að veita 60 milljónum króna til þessa verkefnis á landsvísu](#). Gert er ráð fyrir að hvert sveitarfélag geti sótt um 1.200 kr. fyrir hvern íbúa í sveitarfélaginu sem er 67 ára og eldri miðað við upplýsingar um íbúafjölda frá Hagstofu Íslands 1. janúar 2022. Þó er gert ráð fyrir að lágmarksframlag verði ekki undir 100.000 krónum.

Þau sveitarfélög sem óska eftir fjárframlagi skulu sækja um í gegnum eyðublaðavef Stjórnarráðsins <https://minarsidur.stjr.is>. [Umsóknarfrestur er til 17. maí nk. kl.16:00.](#)

[Sé um að ræða fleiri en eitt verkefni í sveitarfélaginu skal sameina þau í eina umsókn sem skilað er til inn þ.e.a.s. ekki er gert ráð fyrir mörgum umsóknun frá einu sveitarfélagi.](#)

Í umsókninni þarf að koma fram (sjá nánar í umsóknareyðublaði)

- verkefnisáætlun,
- tímalína,
- markhópur
- samstarfsaðilar
- fjárhagsáætlun
- tengiliður sveitarfélags vegna umsóknarinnar

Uppfylli verkefnið markmiðið um aukið félagsstarf fullorðinna árið 2022 vegna COVID-19 fær sveitarfélag greiðslu í júní 2022.

Þau sveitarfélög sem fá fjárframlag til verkefnisins skulu skila stuttri skýrslu um árangur verkefnisins til félagsmálaráðuneytisins, fyrir 1. febrúar 2023, á netfangið [frn@frn.is](mailto:frn@frn.is) undir heitinu *Skýrsla um aukna starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna árið 2022 vegna COVID-19 frá ?nafn sveitarfélags?*.

Nánari upplýsingar veitir Birna Sigurðardóttir sérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, [birna.sigurdardottir@frn.is](mailto:birna.sigurdardottir@frn.is)

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið / Ministry of Social Affairs and Labour  
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8100  
[www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing